Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundarhalda o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977.

Gjört í Reykjavík 24. maí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Nr. 42. 25. maí 1976.

LÖG

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 10. desember 1975, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðauka dags. 28. október 1969), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) við Straumsvík á Suðvesturlandi, eign Íslenska Álfélagsins hf. (hér á eftir nefnt „ISAL“). Bræðslan notar rafmagn frá orkuverum Landsvirkjunar (hér á eftir nefnd „Landsvirkjun“) og hefur aðgang að hafnarmannvirkjum í Straumsvík í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar (sem hér á eftir er nefndur „kaupstaðurinn“).

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín á milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19 6. apríl 1970 og gekk í gildi hinn 16. apríl 1970 (hér eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), og fjallar hann, meðal annars, um að sameina og flýta fyrstu og annarri stækkun bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum (með 60 megawatta málraun samanlagt), og að bæta við nýrri stækkun (með 20 megawatta málraun), þannig að samanlögð málraun bræðslunnar í heild ykist úr 120 í 140 megawött.

ISAL hefur lokið við að byggja fyrstu stækkun bræðslunnar (sem aðallega fólst í lengingu á fyrsta kerskála) og aðra stækkun bræðslunnar (sem aðallega fólst í byggingu á öðrum kerskála), og annar og þriðji afhendingardagur rafmagns (AR I og AR II) urðu eins og um var samið hinn 1. júní 1970 og 1. september 1972, í samræmi við 9. gr. aðalsamningsins.

LANDSVIRKJUN hefur lokið við byggingu Búrfellsvirkjunar í Þjórsá og síðan komið upp meiriháttar miðlunarvirkjum við Þórisvatn, og er hún nú að byggja nýja vatnsaflsvirkjun í Tungnaá við Sigöldu.

Frá fyrsta afhendingardegi rafmagns (AR I) voru 6 ár liðin hinn 1. október 1975, en þá áttu að gerast tilteknar breytingar á framleiðslugjaldi því, er ISAL greiðir, og verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, eins og nánar var mælt um í aðalsamningnum og í rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og ISAL, dags. 28. júní 1966 og breyttum 28. október 1969 (hér á eftir nefndur „rafmagnssamningurinn“).

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE óska að gera verulegar breytingar á framleiðslugjaldi ISALs og greiðsluháttum þeim, er um það gilda, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í áliðnaði og á efnahagsástandi í heiminum síðan aðalsamningurinn var gerður, og til að halda því markmiði að tryggja reglulegar skattgreiðslur úr hendi ISALs, en sneiða hjá sveiflum á þeim, er bersýnilega séu úr samhengi við raunverulega efnahagsstöðu fyrirtækisins.

LANDSVIRKJUN OG ISAL óska að gera verulegar breytingar á verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, með samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í orkumálum og á efnahagsástandi í heiminum síðan rafmagnssamningurinn var gerður, og til þess að veita kost á aðlögun að síðari þróun með hæfilegri stigbreytingu á verðinu.

ALUSUISSE er reiðubúið til að láta ISAL stækka bræðsluna fram yfir þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

LANDSVIRKJUN er reiðubúin til að gera tiltækt það rafmagn, sem til þarf vegna þessarar stækkunar á bræðslunni, með skilmálum þeim, er gilda um samningsbundið rafmagn, en þó þannig, að hluti af því rafmagni verði látinn í té í formi afgangsorku.

RÍKISSTJÓRNIN er reiðubúin til að láta kjör þau og skilmála, sem nú gilda samkvæmt aðalsamningnum og fylgisamningunum, gilda einnig um ofangreinda viðbótarstækkun bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE óska að breyta aðalsamningnum svo sem kveðið er á hér á eftir, til framkvæmdar ofanrituðu og til að koma þar við nokkrum öðrum breytingum.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins (eins og honum hefur verið breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn og samningi þessum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„Landsvirkjun“	—	1.01 (c)
„Kaupstaðurinn“	—	1.01 (d)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Ál“	—	1.03 (a)
„Bræðsla“	—	1.03 (b)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (e)
„Annar áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (f)
„Þriðji áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (g)
„Fjórði áfangi bræðslunnar“	—	1.04 (a)

„Fyrsta stækkun bræðslunnar“	málsgr. 1.03 (h)
„Önnur stækkun bræðslunnar“	— 1.03 (i)
„Þriðja stækkun bræðslunnar“	— 1.04 (b)
„Búrfellsvirkjun“	— 1.03 (j)
„Sigölduvirkjun“	— 1.04 (d)
„Þórisvatnsmiðlun“	— 1.04 (e)
„AR I“	— 1.03 (o)
„AR II“	— 1.03 (p)
„AR III“	— 1.03 (q)
„AR IV“	— 1.04 (c)
„Samningsbundið rafmagn“	— 1.03 (r)
„Lágmarksrafmagn“	— 1.03 (t)
„Valdagur“	— 1.03 (v)

1.03. „Fylgiviðaukarnir“ merkja skjöl þau, er hér eru viðfest sem fylgiskjöl A til C, þ.e.:

(a) Annar viðauki við rafmagnssamninginn (fylgiskjal A) milli Landsvirkjunar og ISALs;

(b) Annar viðauki við hafnar- og lóðarsamninginn (fylgiskjal B) milli kaupstaðarins og ISALs;

(c) Aðrir viðaukar við aðstoðarsamningana (fylgiskjöl C1, C2 og C3) milli ISALs og Alusuisse.

1.04. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, hafa þar eftirtalda merkingu, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

(a) „Gildistökudagur“ samnings þessa merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 8.02 í samningi þessum;

(b) „Staðfestingarlög“ merkja lög þau frá Alþingi, sem veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 8.02 í samningi þessum.

2. gr.
Breytingar á skýrgreiningum, sem notaðar eru í aðalsamningnum og fylgiskjölunum.

2.01. Upphafsákvæði málsgreinar 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „eftirtaldar merkingar“ í niðurlagi þess falli brott, en í þeirra stað komi orðin „þá merkingu, sem segir í þessari málsgrein og málsgr. 1.04“.

2.02. Upphafsákvæði stafliðs b) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „140 megawatta málraun fyrir þriðja áfanga“ í þriðju línu hans falli brott en orðin „160 megawatta málraun fyrir fjórða áfanga“ komi í þeirra stað.

2.03. Stafliðirnir h) og i) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum orðist þannig:

(a) „h) „Fyrsta stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 20 megawatta málraun fram yfir málraun fyrsta áfanga bræðslunnar.“

(b) „i) „Önnur stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 60 megawatta málraun fram yfir málraun annars áfanga bræðslunnar“. Jafnframt breytist „fyrri“ í „fyrstu“ og „síðari“ í „aðra“ hvarvetna þar, sem vísað er til fyrri heita úr þessum stafliðum í aðalsamningnum og fylgisamningunum.

2.04. Við 1. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 1.04, er hljóði svo:

„1.04. Gerist annars ekki þörf vegna samhengis, skulu eftirtalin orðatiltæki, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiskjölum, hafa þá merkingu, sem hér segir:

(a) „Fjórði áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 160 megawatta málraun.

(b) „Þriðja stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 20 megawatta málraun umfram málraun þriðja áfanga bræðslunnar.

(c) „Fjórði afhendingardagur rafmagns“ („AR IV“) merkir dag þann, sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.

(d) „Sigölduvirkjun“ merkir vatnsaflsvirkjun þá, eins og hún er að gerð og búnaði á hverjum tíma, þar með talin farvegsbreytingar — og inntaksmannvirki, rennslisskurðir, þrýstivatnspípur, stöðvarhús, spennistöð og tengivirki, sem staðsett er að Sigöldu við Tungnaá á Suðurlandi og hefur í upphafi 50 megawatta málraun, en að lokum 150 megawatta málraun, og er í upphafi tengd með einni 220 kílóvolta háspennilínu við spennistöð hjá Búrfellsstöð.

(e) „Þórisvatnsmiðlun“ merkir vatnsmiðlunarmannvirki þau, sem Landsvirkjun hefur byggt við Þórisós og Vatnsfell við Þórisvatn, eins og þau eru að gerð og búnaði á hverjum tíma, og veita geymslurými sem svarar um 1000 gigalítrum, til notkunar fyrir Sigölduvirkjun og Búrfellsvirkjun.“

3. gr.
Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi byggingu mannvirkja og skyld efni.

3.01. Fyrirsögn III. kafla A í aðalsamningnum verði á þessa leið: „A. Orkumannvirki“.

3.02. Fyrirsögn 4. greinar aðalsamningsins verði á þessa leið: „4. gr. Bygging orkumannvirkja“.

3.03. Núverandi texti 4. greinar aðalsamningsins verði málsgrein 4.01, og við greinina bætist ný málsgrein, 4.02, er hljóði svo:

„4.02. Auk þess að ljúka byggingu Búrfellsvirkjunar hefur Landsvirkjun komið upp Þórisvatnsmiðlun og mun framkvæma frekari stækkun á hinu samtengda orkukerfi sínu með því að byggja og setja upp Sigölduvirkjun.“

3.04. 5. grein aðalsamningsins, breytist þannig, að orðin „og AR III“ í annarri línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað.

3.05. 6. grein aðalsamnings breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „og síðari stækkun bræðslunnar“ í annarri línu falli brott, en orðin „önnur stækkun bræðslunnar og þriðja stækkun bræðslunnar“ komi í þeirra stað, og í öðru lagi þannig, að orðin „og AR III“ í þriðju línu falli niður, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað. Texti 6. greinar svo breyttur verður málsgrein 6.01, og við greinina bætist ný málsgrein, 6.02, er hljóði svo:

„6.02. Alusuisse tekst á hendur að sjá um, að ISAL byggi og útbúi þriðju stækkun bræðslunnar, þannig að hún verði fullgerð og fullbúin til starfrækslu eigi fyrr en 1. apríl 1978 og eigi síðar en 31. desember 1979, að því tilskildu samkvæmt áliti Alusuisse, að þessi þriðja stækkun bræðslunnar feli í sér efnahagslega verjandi viðbót við þá verksmiðju, sem fyrir er, þannig að ISAL fái eðlilegan afrakstur af fjárfestingunni. ISAL ber að tilkynna Landsvirkjun með eigi minna en árs fyrirvara, hvenær áætlað sé að byrja starfrækslu á þriðju stækkun bræðslunnar.“

3.06. 7. grein aðalsamningsins breytist þannig, að orðin „og AR III“ í annarri og þriðju línu hennar falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað.

3.07. Fyrirsögn 9. greinar aðalsamningsins breytist þannig, að „AR IV“ bætist þar við.

3.08. Málsgrein 9.01 í aðalsamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „og þriðji afhendingardagur rafmagns“ í fyrstu línu falli brott, en orðin „þriðji og fjórði afhendingardagur rafmagns“ komi í þeirra stað, í öðru lagi, að orðin „og AR III“ í annarri línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað, í þriðja lagi, að orðin „og þriðja áfanga“ í fjórðu línu falli brott, en orðin „þriðja og fjórða áfanga“ komi í þeirra stað, í fjórða lagi þannig, að orðin „og AR III“ í niundu línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað, og loks þannig, að orðin „eða 9.07“ í niðurlagi hennar falli brott, en orðin „9.07 eða 9.10“ komi í þeirra stað.

3.09. Við 9. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 9.09, er hljóði svo:

„9.09. AR IV skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISAL, og skal hann eigi vera fyrr en 1. apríl 1978 og eigi síðar en 31. desember 1979 (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.10). Ef ekki er ljóst fyrir 31. desember 1978, að þriðja stækkun bræðslunnar sé efnahagslega verjandi eins og vísað er til í málsgr. 6.02, munu Landsvirkjun og ISAL reyna að koma sér saman um annan tíma til ákvörðunar um AR IV.“

3.10. Við 9. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 9.10, er hljóði svo.

„9.10. Fari svo einhverntíma innan tólf mánaða fyrir þá dagsetningu AR IV, sem ákveðin er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, að framkvæmdir við Sigölduvirkjun eða við þriðju stækkun bræðslunnar verði fyrir töfum af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), og Landsvirkjun eða ISAL, eftir því sem við á, geti ekki samkvæmt bestu fyrirhyggju komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum ráðum, sem eðlileg mega teljast, þá skal ríkisstjórninni eða Alusuisse, hvort sem í hlut á, vera heimilt að lýsa yfir frestun á AR IV í samræmi við ákvæði málsgr. 9.08, til þess dags, sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu, en þó þannig, að frestunin fari eigi fram úr þeim tímatöfum, sem hin óviðráðanlegu öfl (force majeure) hafa valdið.“

4. gr.
Breyting á ákvæðum aðalsamningsins um rekstur bræðslunnar.

4.01. Málsgrein 10.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „og þriðja áfanga“ í þriðju línu falli niður, en orðin „þriðja og fjórða áfanga“ komi í þeirra stað. Jafnframt bætist við talan „77 000“ fyrir aftan töluna „70 000“ í fjórðu línu.

4.02. Málsgrein 10.03 í aðalsamningnum orðist þannig:

„10.03. Ef Landsvirkjun hefur ekki á einhverju ári tiltækt samningsbundið rafmagn í því orkumagni, sem tilteknið er í málsgr. 7.01 í rafmagnssamningnum fyrir fyrsta, annan og þriðja áfanga bræðslunnar, eða sem nemur 1360 GWst fyrir fjórða áfanga bræðslunnar, skal lágmarksframleiðsla minnka í hlutfalli við það á því ári.“

5. gr.
Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins um framleiðslugjald.

5.01. 25. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„25. gr.
Framleiðslugjald.

„25.01. Með þeim undantekningum, er greinir í 31. gr., og í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða ber skilyrðislaust

eða í sérstökum tilgangi, samkvæmt íslenskum lögum, skal leggja á ISAL og ISAL skylt að greiða eitt framleiðslugjald, er lagt sé á og greitt af hverri smálest áls, sem afskipað er frá bræðslunni (eða telst sem umframbirgðir samkvæmt 28. gr.) og eins og það reiknast samkvæmt 26. gr. og 27. gr. („framleiðslugjald“).“

„25.02. Frá upphafi rekstrar fram til sjötta árdags AR I (þ. e. 1. október 1975) hefur framleiðslugjald á smálest verið og verður tólf og hálfur Bandaríkjadollar (US $ 12.50), að tilskildum ákvæðum aðalsamningsins eins og hann var að upphaflegri gerð og honum síðar breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn (þar á meðal ákvæðum málsgr. 25.03, 26. gr. og 27. gr.). Framleiðslugjald vegna þessa tímabils og álagning þess og greiðsla ræðst að öllu leyti af þessum ákvæðum og sætir ekki breytingum vegna annars viðauka eða síðari viðauka við aðalsamninginn.“

„25.03. Frá sjötta árdegi AR I (þ.e. 1. október 1975) verður framleiðslugjald á smálest tuttugu Bandaríkjadollarar (US $ 20.00) („grunntaxti“), að tilskildum ákvæðum 26. gr. og 27. gr. Þessi grunntaxti gildir, háður þessum ákvæðum, þar til að því kemur, að framleiðslugjaldið verði endurskoðað miðað við valdag samkvæmt 30. gr., eða, ef framleiðslugjaldið er ekki endurskoðað þannig, þar til samningur þessi gengur úr gildi.“

„25.04. Ef framleiðslugjaldið er endurskoðað miðað við valdag samkvæmt 30. gr., skal framleiðslugjaldið gilda eins og það verður þannig endurskoðað frá endurskoðunardegi og þar til kemur að síðari valdegi, eða þar til samningur þessi gengur úr gildi, eftir því sem við á.“

„25.05. Fari svo á einhverju almanaksári eftir AR I, AR II, AR III eða AR IV, að Landsvirkjun geti af einhverjum ástæðum, þar með talin óviðráðanleg öfl (force majeure) (að undanteknum takmörkunum skv. málsgr. 12.05 eða 12.06 í rafmagnssamningnum og takmörkunum á afgangsorku samkvæmt orkuáætlun fjórða áfanga), eigi séð bræðslunni fyrir samningsbundnu rafmagni í því orkumagni, sem svarar lágmarksmagni, skal hverjum þeirra daga, sem tilgreindir eru í málsgr. 25.03 og málsgr. 25.04 sem valdagur, og verður eftir að slíkur misbrestur á sér stað, frestað um þann hluta úr almanaksári, er svarar þeim hundraðshluta, sem hið afhenta orkumagn á árinu er minna en lágmarksmagn (í beinu hlutfalli við hvern hluta úr almanaksári).“

5.02. 26. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„26. gr.
Leiðréttingar á grunntaxta.

„26.01. Upphæð framleiðslugjaldsins í Bandaríkjadollurum á smálest af áli skal leiðrétt til hækkunar frá grunntaxta hvenær sem heimsmarkaðsverð áls er hærra en fjörutíu Bandaríkjacent (US $ 0.40) á enskt pund, með tilliti til sérhverrar breytingar (í centum eða broti úr centi) á heimsmarkaðsverðinu yfir því viðmiðunarverði (US $ 0.40). Leiðréttingu þessa skal gera með því að hækka grunntaxtann sem svarar tilteknum hundraðshluta af hlutfallinu milli hækkunar heimsmarkaðsverðsins á hverju því bili, sem að neðan greinir, og viðmiðunarverðsins, sem hér segir:

(a) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 40 centum en ekki hærra en 50 cent, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 90% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á þessu bili.

(b) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 50 centum en ekki hærra en 60 cent, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 80% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á þessu bili.

(c) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 60 centum en ekki hærra en 70 cent, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 70% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á þessu bili.

(d) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 70 centum, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 60% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á bilinu yfir 70 centum.

Sérhver taxti fyrir framleiðslugjaldið, sem þannig er fundinn („leiðréttur taxti") skal gilda fyrir allt ál, sem skipað er út frá bræðslunni (eða fært til umframbirgða) meðan sá leiðrétti taxti er við lýði."

„26.02. Að því er varðar leiðréttingar á framleiðslugjaldinu samkvæmt málsgr. 26.01 reiknast heimsmarkaðsverð áls sem verð á hráálshleifum að lágmarkshreinleika 99.50% eins og það er auglýst tvisvar í viku í „Metal Bulletin", London, á grundvelli tilkynninga á hverjum tíma frá Aluminium Limited, Montreal, Kanada, sem útflutningsverð fyrir Evrópumarkað uppgefið í Bandaríkjacentum á enskt pund, eða eins og auglýst er í hverju því riti, sem hverju sinni kynni að koma í stað „Metal Bulletin", London, í alþjóðaáliðnaðinum. Ef svo fer að dómi annarshvors samningsaðila, að verð það, sem þannig er auglýst, gefi ekki lengur til kynna raunhæfa stöðu á markaðnum, skulu aðilarnir taka upp samningsumleitanir í því skyni að reyna að ná samkomulagi um sanngjarnari mælikvarða til ákvörðunar um hið rétta markaðsverð, en í því tilviki skal verð það, sem fundið er eftir þeim mælikvarða, gilda sem heimsmarkaðsverð í merkingu þessarar málsgreinar meðan umrætt ástand varir."

5.03. 27. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„27. gr.
Lágmarks- og hámarksákvæði.

„27.01. Framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður í heild af hálfu ISALs fyrir hvert einstakt almanaksár, skal aldrei verða lægra en eftirfarandi, hvort sem hærra er:

(a) Sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir framleiðslugjaldi á þær smálestir áls, sem skipað hefur verið út frá bræðslunni (eða færðar til umframbirgða) á því ári, þegar það er reiknað á grunntaxta.

(b) Sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir 35% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár."

„27.02. Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. skal framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður í heild af hálfu ISALs fyrir hvert einstakt almanaksár, aldrei verða hærra fyrir þá sök, að leiðréttum taxta hafi verið beitt, en sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir 55% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár."

„27.03. Útreikning nettóhagnaðar ISALs vegna VI. kafla samnings þessa ber að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALs, og skal hann fylgja eftirtöldum reglum:

(a) Verksmiðjukostnaður fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrstu stækkunar bræðslunnar, annarrar stækkunar bræðslunnar og þriðju stækkunar bræðslunnar afskrifaður með jöfnum ársafskriftum á 15 ára tímabili frá AR I, AR II, AR III og AR IV að telja, eftir því sem við á.

(b) Einkaleyfisgjöld, leyfisgjöld, verkfræði- og sérfræðiþóknun, svo og sölulaun, reiknist samkvæmt ákvæðum aðstoðarsamninganna (fylgiskjöl C1, C2 og C3).

(c) Vaxtakjör í samræmi við fyrsta flokks lánstraust og eðlilegur fjárútvegunarkostnaður og skuldagreiðsluáætlanir af hálfu ISALs.
(d) Framlag á allt að 20% af hagnaði ISALs, eins og hann reiknast í samræmi við framanrituð ákvæði þessarar málsgreinar, í sérstakan varasjóð. Varasjóð þennan má nota hjá ISAL til að standa undir fjárfestingu í föstum og lausum eignum, en eigi ráðstafa til annars en að mæta rekstrarhalla. Fari svo, að varasjóðurinn verði nýttur til annars en um getur í undanfarandi málslið, ber að telja þær fjárhæðir, sem þar er um að tefla, með nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, er nýtingin á sér stað.

Nettóhagnað ISALs skal reikna út að frádregnum rekstrarkostnaði og -útgjöldum, þar með taldir skattar þeir og álögur, sem um ræðir í 31. gr., og án frádráttar vegna greiðslna á framleiðslugjaldi, arði og varasjóðsframlögum, öðrum en þeim, sem um getur í staflið d) hér að ofan."

5.04. 28. grein aðalsamningsins hljóðar svo:

„28. gr.
Söfnun á umframbirgðum.

„28.01. Fari svo að ISAL safni birgðum af áli, sem framleitt hefur verið í bræðslunni, að því magni og á þeim tímabilum, sem hér segir:
(a) Frá AR I til AR II af áli umfram 10 000 smálestir;
(b) Frá AR II til AR III af áli umfram 13 500 smálestir;
(c) Frá AR III til AR IV af áli umfram 23 500 smálestir; og
(d) Frá AR IV og síðan þar til samningur þessi gengur úr gildi, af áli umfram 27 000 smálestir,
þá ber ISAL að greiða framleiðslugjaldið á þann umfram smálestafjölda af áli („umframbirgðir") eins og útskipun hefði þá farið fram. ISAL skal mánaðarlega leggja fyrir ríkisstjórnina skýrslur um birgðasöfnun af áli hjá bræðslunni."

„28.02. Framleiðslugjaldið, sem ISAL ber að greiða af umframbirgðum, verður gjaldskylt, þegar ríkisstjórnin tilkynnir, og skal greiða það eigi síðar en hinn fimmtánda dag næsta almanaksmánaðar eftir þann mánuð, er tilkynning var gefin, og eins og frekar er á kveðið í 29. gr.

Hinsvegar skal framleiðslugjaldið eigi lagt á ISAL vegna áls við útskipun, ef gjaldið hefur þegar verið lagt á það ál sem umframbirgðir."

5.05. 29. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„29. gr.
Greiðslu- og uppgjörshættir.

„29.01. Framleiðslugjaldið verður gjaldskylt við sérhverja útskipun áls úr bræðslunni, nema ISAL sýni fram á, að framleiðslugjaldið hafi verið lagt á alla slíka uppskipun eða hluta hennar sem umframbirgðir samkvæmt ákvæðum málsgr. 28.02. Hin gjaldskylda upphæð í hverju tilviki skal reiknuð á grundvelli farmskírteina eða annarra flutningsskjala, sem út eru gefin vegna álsins, og samkvæmt bókum ISALs, og er háð eðlilegum aðgerðum varðandi sannprófun og eftirlit."

„29.02. Framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður við útskipun, að því leyti sem það er reiknað eftir grunntaxta, skal greitt af hálfu ISALs eigi síðar en hinn fimmtánda dag næsta almanaksmánaðar eftir þann mánuð, er útskipunin átti sér stað. Í þessu sambandi verður útskipun talin hafa átt sér stað við afgreiðslu flutningaskipsins, þegar um er að ræða ál, sem út er flutt með skipi, eða við afgreiðslu landflutningatækja, þegar um er að ræða ál, sem flutt er landveg. Að því leyti sem framleiðslugjaldið er reiknað eftir leið-

réttum taxta skal greiðsla fara fram eins og á er kveðið í næstu málsgreinum hér á eftir."

„29.03. Fyrir hvert almanaksár eftir 1. október 1975 (og þá í öndverðu fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1975) skal ISAL afhenda ríkisstjórninni árlega skýrslu um framleiðslugjaldið („framleiðslugjaldsskýrslu"), þar sem eftirfarandi komi fram:

(a) Heildaryfirlit um framleiðslu og útskipun áls á árinu, sundurliðað eftir mánuðum, og um álbirgðir í ársbyrjun og árslok.

(b) Heildarmagn það af útskipuðu áli (eða áli færðu til umframbirgða), sem skylt hefur orðið að greiða af framleiðslugjald á árinu, sundurliðað eftir mánuðum, ásamt framleiðslugjaldi því, sem gjaldskylt er vegna þessa magns, reiknuðu eftir grunntaxta eða leiðréttum taxta, eftir því sem í gildi var á útskipunartíma.

(c) Heildarfjárhæð þess framleiðslugjalds, sem greitt hefur verið á árinu samkvæmt útreikningi eftir grunntaxta, sundurliðað eftir mánuðum.

Framleiðslugjaldsskýrslan skal lögð fram eigi síðar en hinn 1. febrúar næsta árs á eftir, og skal hún háð eðlilegum aðgerðum til sannprófunar og eftirlits, sem lokið skal án tafar. Sérhver mismunur, sem umfram er milli heildarfjárhæðar framleiðslugjaldsins, eins og hún er sýnd samkvæmt staflið (b), og heildarfjárhæðar greiðslna samkvæmt staflið (c), og til er kominn vegna leiðrétts taxta, fellur í gjalddaga við tímanlega framlagningu framleiðslugjaldsskýrslunnar, og ber að greiða hann að fullu eigi síðar en hinn 1. maí sama ár, að því tilskildu, sem á er kveðið í eftirfarandi málsgreinum."

„29.04. Fyrir hvert almanaksár eftir 1. október 1975 (og þá í öndverðu fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1975) skal ISAL ennfremur leggja fram við ríkisstjórnina, eigi síðar en hinn 1. apríl næsta árs á eftir, efnahagsreikning og rekstursreikning byggða á reikningum ISALs fyrir árið."

„29.05. Fari svo að áliti Alusuisse, að framleiðslugjald það, sem ISAL hafi greitt og beri að greiða fyrir eitthvert almanaksár, verði umfram 55% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, vegna þess að leiðréttur taxti hafi verið í gildi, er Alusuisse heimilt að krefjast endurreiknings á þessu framleiðslugjaldi með vísan til nettóhagnaðar, með tilkynningu til ríkisstjórnarinnar í þá átt. Fari svo að áliti ríkisstjórnarinnar, að framleiðslugjald fyrir eitthvert ár verði minna en 35% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, er ríkisstjórninni heimilt að krefjast endurreiknings á sama hátt, með tilkynningu til Alusuisse í þá átt. Tilkynningin skal í báðum tilvikum gefin út eigi síðar en hinn 1. maí næsta árs á eftir, þó þannig, að hafi annar aðilinn gefið út tilkynningu fyrir þann tíma, verður tilkynning óþörf frá hinum. Ef hvorugur aðili gefur út tilkynningu vegna einhvers árs, skal framleiðslugjaldið fyrir það ár talið endanlega ákvarðað með framleiðslugjaldsskýrslunni fyrir árið, eins og hún liggur fyrir sannprófuð."

„29.06. Ef farið er fram á endurreikning framleiðslugjaldsins fyrir eitthvert almanaksár samkvæmt málsgr. 29.05, hefur Alusuisse byrðina um að sanna nettóhagnað ISALs fyrir það ár, með endurskoðuðum reikningum, er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt skýrslu um endurreikninginn („endurreikningsskýrslu"). Þessa endurskoðuðu reikninga (svo og hina endurskoðuðu reikninga, sem krafist er samkvæmt málsgr. 30.03) ber að leggja fyrir ríkisstjórnina á grundvelli ársreikninga ISALs fyrir viðkomandi ár og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur. Ríkisstjórnin hefur rétt til að skipa á sinn kostnað alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa slíka reikninga og ársreikninga ISALs fyrir hvaða ár sem er, og heimilast endurskoðendum þessum

að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög."

„29.07. Endurreikningsskýrslu fyrir hvaða ár sem er ber ISAL að afhenda ríkisstjórninni eigi síðar en hinn 1. júní næsta árs á eftir, ásamt greiðslu að fullu á þeirri fjárhæð framleiðslugjalds, sem gjaldskyld er, eftir því sem endurreikningsskýrslan sýnir, umfram þær fjárhæðir, er greiddar hafa verið þegar á skattárinu samkvæmt málsgr. 29.02 og sýndar eru í c-lið viðkomandi framleiðslugjaldsskýrslu. Endurskoðun endurreikningsskýrslunnar, sem ríkisstjórnin lætur fram fara, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ISAL eigi síðar en hinn 1. september á endurreikningsárinu."

„29.08. ISAL skal greiða framleiðslugjaldið í Bandaríkjadollurum eða öðrum gjaldeyri, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um, og í bankareikning, sem ríkisstjórnin tilgreinir í því skyni."

„29.09. Ríkisstjórnin skal færa ISAL til eignar miðað við 30. september 1975 fjárhæðina 4 400 000 Bandaríkjadollara, er svarar til skattinneignar ISALs á þeim degi samkvæmt málsgr. 27.05 í aðalsamningnum, eins og sú málsgrein átti við áður en honum var breytt með öðrum viðauka við aðalsamninginn. Fjárhæð þessi flyst með ársvöxtum, er séu jafnháir forvöxtum Seðlabanka Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma, og ber að nota hana til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ISALs vegna almanaksára eftir 30. september 1975, að því leyti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð framleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár þegar gjaldið er reiknað á grunntaxta. Sérhverjar eftirstöðvar fjárhæðarinnar, sem ekki er unnt að nota með þessum hætti, skulu endurgreiddar ISAL þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið."

5.06. 30. grein aðalsamningsins breytist þannig:

(a) Tilvísun til „málsgr. 27.04" í stafliðum a) og b) í málsgr. 30.03 og í málsgr. 30.10 fellur niður, en tilvísun til „málsgr. 27.03" kemur í hennar stað.

(b) Tilvísun til „málsgr. 27.03" í staflið a) í málsgr. 30.03 og í málsgr. 30.10 fellur niður, en tilvísun til málsgr. „27.06" kemur í hennar stað.

6. gr.
Breytingar á almennum skatta- og gjaldaákvæðum aðalsamningsins.

6.01. Við málsgr. 31.01 í aðalsamningnum bætist nýr stafliður (n), svohljóðandi:

„(n) Byggingarleyfisgjald og gatnagerðargjald til kaupstaðarins vegna þriðju stækkunar bræðslunnar, að fjárhæð sjö hundruð og áttatíu þúsund krónur (kr. 780 000) hið fyrra og ein milljón átta hundruð og tuttugu þúsund krónur (1 820 000) hið síðara, er greiðast sex mánuðum fyrir AR IV, ef þann dag ber að. Fjárhæð gjaldanna er ákveðin með hliðsjón af íslensku byggingarvísitölunni hinn 1. nóvember 1975, og ber að leiðrétta hana í réttu hlutfalli við muninn á stigatölu vísitölunnar þann dag og þeirri stigatölu, sem í gildi verður á gjalddaga þeirra."

6.02. Við 32. grein aðalsamningsins bætist eftirfarandi málsliður:

„Þótt erlendir viðskiptamenn ISALs geymi ál á Íslandi, skulu þeir eigi taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi þessa vegna."

7. gr.
Tengsl við breytingar á fylgisamningunum.

7.01. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu aðilar að fylgiviðaukunum undirrita þá í því formi, sem þeir eru á fylgiskjölum A til C með

samningi þessum. Ríkisstjórnin og Alusuisse staðfesta samþykki sitt við hverjum fylgiviðaukanna með undirskrift sinni.

7.02. Fylgiviðaukarnir skulu hver um sig verða beinn hluti af viðkomandi fylgiskjali og fylgisamningi, og sérhver tilvísun til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðalsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

8. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

8.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. greinar hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Geri samhengið ekki ráð fyrir öðru, skal sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða einhverjum þeirra, eða annars er gerð framvegis, talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með samningi þessum og fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

8.02. Þegar samningur þessi og fylgiviðaukarnir hafa verið undirritaðir af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, með viðfestum endurritum af fylgiviðaukunum, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og löglegri meðferð skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur") og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Gunnar Thoroddsen
iðnaðarráðherra

Fyrir SVISS ALUMINIUM LIMITED

dr. Paul H. Müller
aðalframkvæmdastjóri

dr. Willi Hämmerli
framkvæmdastjóri

SECOND AMENDMENT
TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LIMITED

AGREEMENT made as of the 10th day of December, 1975

BETWEEN

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the „Government")

OF THE FIRST PART

AND

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hereinafter referred to as „Alusuisse"), a company organized under the laws of Switzerland

OF THE SECOND PART

WHEREAS the Government and Alusuisse have entered into a Master Agreement dated March 28, 1966, ratified by the Act of the Althing No. 76, May 13, 1966 and effective as of September 20, 1966 (hereinafter referred to as the "Master Agreement"), relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant with appurtenant facilities (hereinafter referred to as the "Smelter") at Straumsvík in Southwest Iceland, owned by Icelandic Aluminium Company Limited (hereinafter referred to as "ISAL"), utilizing power from the generating facilities of Landsvirkjun (The National Power Company, hereinafter referred to as "Landsvirkjun") and having access to port facilities at Straumsvík owned by the Township of Hafnarfjördur (hereinafter referred to as the "Township");

WHEREAS the Government and Alusuisse have further entered into a First Amendment to the Master Agreement, dated October 28, 1969, ratified by the Act of the Althing No. 19, April 6, 1970 and effective as of April 16, 1970 (hereinafter referred to as the "First Amendment to the Master Agreement"), relating, among other things, to a unification and acceleration of the first and second enlargements of the Smelter, as these originally had been defined in the Master Agreement (having an aggregate rated capacity of 60 megawatts), as well as the addition of a new enlargement (having a rated capacity of 20 megawatts), increasing the aggregate rated capacity of the total Smelter from 120 megawatts to 140 megawatts;

WHEREAS ISAL has completed the construction of the Smelter-First Enlargement (involving primarily an extension of the first potroom) and the Smelter-Second Enlargement (involving primarily the erection of the second potroom), and the Second and Third Power Delivery Dates (PDD II and PDD III) duly occurred on June 1, 1970 and September 1, 1972 respectively, in accordance with the provisions of Article 9 of the Master Agreement;

WHEREAS Landsvirkjun has completed the construction of the Búrfell Facilities on the River Thjórsá and subsequently developed major storage facilities on Lake Thórisvatn, and is presently constructing a new hydroelectric power plant at Sigalda Ridge on the River Tungnaá;

WHEREAS the sixth anniversary of the First Power Delivery Date (PDD I) occurred on October 1, 1975, at which time certain changes were to take place in the Consolidated Tax payable by ISAL and the price of Contract Power to the

Smelter, as further provided in the Master Agreement and in the Power Contract between Landsvirkjun and ISAL, dated June 28, 1966 and amended on October 28, 1969 (hereinafter referred to as the "Power Contract");

